

AUGLÝSING

um samkomulag um breytingar á samningi frá 19. ágúst 1986 milli ríkisstjórnar Danmerkur, ásamt landsstjórnnum Færeyja og Grænlands, og ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um að stofna norrænan þróunarsjóð fyrir vestnorrænu löndin.

Samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Færeyja, Grænlands, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um breytingar á samningi þeirra frá 19. ágúst 1986 um stofnun á norrænum þróunarsjóði, sem gert var í Reykjavík 27. október 2015, öðlaðist gildi 13. apríl 2017.

Samkomulagið felur í sér þá breytingu á 5. gr. samningsins um höfuðstöðvar sjóðsins að eftirleiðis skulu þær staðsettar í Færeyjum, á Grænlandi eða á Íslandi.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 3. mars 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.

Samkomulag um breytingar á samningi frá 19. ágúst 1986 milli ríkisstjórnar Danmerkur, ásamt landsstjórnnum Færeyja og Grænlands, og ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um að stofna norrænan þróunarsjóð fyrir vestnorrænu löndin.

Ríkisstjórn Danmerkur, ásamt landsstjórnnum Færeyja og Grænlands, og ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa náð samkomulagi um eftirfarandi:

Í samningi frá 19. ágúst 1986 milli ríkisstjórnar Danmerkur, ásamt landsstjórnnum Færeyja og Grænlands, og ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um að stofna norrænan þróunarsjóð fyrir hin vestlægu Norðurlönd eru gerðar eftirfarandi breytingar. Fimm grein skal taka eftirfarandi breytingum:

Höfuðstöðvar sjóðsins skulu staðsettar í Færeyjum, á Grænlandi eða á Íslandi.

Þessi breyting tekur gildi 30 dögum eftir að allir aðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að samkomulagið hafi verið samþykkt.

Upprunalegu útgáfuna af þessu samkomulagi er að finna í danska utanríkisráðuneytinu, sem mun senda hinum aðilunum staðfest afrit af samkomulaginu.

Sem staðfestingu á þessu hafa til þess bærir fulltrúar undirritað samkomulag þetta.